


# Nýjar fagbækur fyrir félagsráðgjafa

Bækurnar hér að neðan endurspeгла á ólíkan hátt hvernig tengsl verða til, rofna og styrkjast í nútímasamfélagi. Þær fjalla um barnavernd, fjölskyldur, flóttafólk, öldrun, velferðarþjónustu og áhrif nýrrar tækni á störf félagsráðgjafa. Saman gefa þær áhugaverða mynd af þeim áskorunum og tækifærum sem blasa við faginu á tímum hraðra samfélagsbreytinga.

## UNDERSKUD

Útgáfuár: 2024 | Höfundur: Emma Holten | Útgefandi: Gutkind, Danmörku


Emma Holten gagnrýnir hvernig hagkerfi og samfélag meta verðmæti. Hún sýnir hvernig umönnun, tengsl og félagsleg ábyrgð eru undirstaða samfélagsins en um leið vanmetin í hefðbundnum hagfræðilegum mælikvörðum. Bókin hefur vakið mikla athygli á Norðurlöndum og er mikilvægt innlegg í umræðu um velferð, jafnrétti og félagslegt réttlæti.



## MAN MØDER ET MENNESKE

Útgáfuár: 2023 | Höfundur: Helle Øbo | Útgefandi: Akademisk Forlag, Danmörku

Helle Øbo, framkvæmdastjóri AskovFonden og einn aðalfyrirlesara Félagsráðgjafapings 2026, fjallar um mikilvægi þess að sjá einstaklinginn á bak við málaskrár, greiningar og kerfi. Bókin er áhrifarík áminning um að mannleg tengsl eru grundvöllur allrar farsællar þjónustu.



## INSTUKID - MINE ÅR PÅ UNGDOMSAVDELING

Útgáfuár: 2023 | Höfundur: Johanne Rogndal | Útgefandi: Kagge Forlag, Noregi

Persónuleg og áhrifamikil frásögn af vistun höfundar á meðferðarheimili fyrir unglinga. Johanne Rogndal veitir einstaka innsýn í upplifun barns innan kerfisins og sýnir hversu afgerandi áhrif tengsl, hlustun og virðing geta haft á líf barna og ungmenna.




## BARNAVERND Á ÍSLANDI FYRR OG NÚ

Útgáfuár: 2025 | Ritstjórar: Sigrún Harðardóttir, Halldór S. Guðmundsson og Hrefna Friðriksdóttir | Útgefandi: Háskólaútgáfan, Íslandi

Yfirlitsrit um þróun barnaverndar á Íslandi. Fjallar um sögu, lagaramma, rannsóknir og starfshætti og sýnir hvernig viðhorf til barna, fjölskyldna og samfélagslegrar ábyrgðar hafa þróast í gegnum tíðina.






### RADICAL HOPE IN SOCIAL WORK

Útgáfuár: 2026 | Ritstjórar: Carole Zufferey og Chris Horsell

Útgefandi: Routledge Advances in Social Work

Bókin fjallar um hugtakið *von* sem grundvallarþátt í félagsráðgjöf og gagnrýnir einstaklingsmiðaðar skýringar sem leggja ábyrgðina á einstaklinginn sjálfan. Höfundar og kaflahöfundar skoða hvernig von tengist félagslegu réttlæti, mannréttindum, barnavernd, geðheilbrigði, heimilisleysi, loftslagsmálum og samfélagsbreytingum.




### INTERGENERATIONAL TRAUMA IN REFUGEE COMMUNITIES

Útgáfuár: 2025 | Ritstjórar: Laura Kromjåk og Ajlina Karamehić-Muratović

Útgefandi: Routledge Advances in Social Work

Bókin fjallar um hvernig áföll flóttafólks geta haft áhrif á komandi kynslóðir. Hún tengir saman rannsóknir, reynslu og faglega nálgun og undirstrikar mikilvægi menningarnæmrar og áfallamiðaðrar félagsráðgjafar.



### SOCIALT ARBETE MED ÄLDRE

Útgáfuár: 2024 | Höfundar: Håkan Jönsson og Tove Harnett

Útgefandi: Natur & Kultur, Svíþjóð

Ný og endurskoðuð útgáfa af einni mikilvægustu kennslubók Norðurlanda um félagsráðgjöf með eldra fólk. Höfundarnir fjalla um öldrun, einmanaleika, geðheilbrigði, fátækt og félagslega þátttöku og sýna hvernig tengsl og virðing eru lykilþættir í þjónustu við eldra fólk.




### PERSPEKTIVER PÅ PSYKOSOSIAL HELSE

Útgáfuár: 2025 | Ritstjórar: Anders Johan W. Andersen og

Signe Hjelen Stige Haugland | Útgefandi: Fagbokforlaget, Noregi

Þverfaglegt rit sem sameinar sjónarmið félagsráðgjafar, fjölskyldumeðferðar, sálfræði og lýðheilsu. Sérstaklega gagnlegt fyrir fagfólk í barnavernd, skólajónustu og geðheilbrigðisstarfi þar sem tengsl, samvinna og snemmtæk íhlutun skipta sköpum.



### RESEARCH HANDBOOK ON SOCIAL CARE POLICY

Útgáfuár: 2025 | Kaflahöfundar: Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard

Kafla: Alike but different? Care for children and older people in the Nordic caring states

Útgefandi: Edward Elgar Publishing

Í þessari mikilvægu handbók um félagslega umönnunarstefnu fjalla Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard um norræna velferðarlíkanið og hvernig Norðurlönd hafa byggt upp þjónustu við börn og aldraða. Kaflinn veitir góða innsýn í styrkleika og áskoranir norræns velferðarsamfélags og er sérstaklega áhugaverður fyrir félagsráðgjafa sem starfa við stefnumótun, félagsþjónustu eða rannsóknir.